

Yfirlýsing 1

Yfirlýsing vegna fastráðinna starfsmanna Pósts og síma hf. er voru í starfi þ. 31. desember 1996.

Réttindaávinnsla þeirra fastráðnu starfsmanna Póst- og símamálastofnunarinnar er voru í starfi þ. 31. desember 1996 til veikinda og orlofs verður áfram með sama hætti og um getur í Reglugerð um veikindaförföll starfsmanna ríkisins nr. 411/1989 og í kjarasamningum Félags íslenskra símamanna og Póstmannafélags Íslands er giltu til 31. desember 1996.

Yfirlýsing 2

Skófatnaður

Frá 1. maí 2015 eiga bréfberar og bílstjórar sem ekki fá öryggisskó rétt á skófatnaði að verðgildi kr. 29.065 árlega og skal hún taka breytingum í samræmi við þróun neysluvísitölu. Breytingar verða á sama tíma og kjarasamnings-bundnar hækkanir. Afsláttarkjör sem verslanir veita Íslandspósti nýtast starfsmönnum. Miðast greiðslan við fastráðinn starfsmann og starfshlutfall

Yfirlýsing 3

Upphaf dagvinnu

Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema að undangenginni uppsögn eða með samkomulagi.

Yfirlýsing 4

Ákvörðun mánaðarlauna

Í ráðningarsamningi skal gera grein fyrir mánaðarlaunum, sem yfirvinna er reiknuð af, t.d. með tilvísun til launataxta, öðrum greiðslum eða hlunnindum svo og greiðslutímabili.

Yfirlýsing 5

Stærð bréfberahverfa

Íslandspóstur og Póstmannafélag Íslands munu á vettvangi samráðsnefndar taka til skoðunar ágreining sem upp kann að koma um stærð bréfberahverfa.

Yfirlýsing 6

25 mínútur í vaktavinnu

Ef breyting verður á fyrirkomulagi vaktavinnu hjá núverandi starfsfólki í vaktavinnu, við undirritun þessa samnings, þannig að um skipulagða matar- og kaffitíma verður að ræða og þar með brottfall 25 mín. styttingar á vinnutíma, bætist það með 2 launaflokkum.

Yfirlýsing 7

Greiðslur fyrir ökumanskort

Starfsmaður sem ráðinn er ótímabundið og unnið hefur þrjú mánuði hjá fyrirtæki á rétt á endurgreiðslu kostnaðar vegna lögbundinnar endurnýjunar ökumanskorts hér á landi, skv. reglugerð um ökurita og notkun hans. Hætti starfsmaður innan sex mánaða frá endurnýjun korts er heimilt að endurkrefja hann um útlagðan kostnað, hlutfallslega miðað við starfstíma.

Fylgiskjal 1 – launapróunartrygging vegna launabreytinga 1. maí 2015

Launapróunartrygging, mán laun

Frá	Til	Hækkun
300.000	og lægri	7,2%
300.001	310.000	7,1%
310.001	320.000	7,0%
320.001	330.000	6,9%
330.001	340.000	6,8%
340.001	350.000	6,8%
350.001	360.000	6,7%
360.001	370.000	6,6%
370.001	380.000	6,5%
380.001	390.000	6,4%
390.001	400.000	6,3%
400.001	410.000	6,2%
410.001	420.000	6,1%
420.001	430.000	6,1%
430.001	440.000	6,0%
440.001	450.000	5,9%
450.001	460.000	5,8%
460.001	470.000	5,7%
470.001	480.000	5,6%
480.001	490.000	5,5%
490.001	500.000	5,4%
500.001	510.000	5,4%
510.001	520.000	5,3%
520.001	530.000	5,2%
530.001	540.000	5,1%
540.001	550.000	5,0%
550.001	560.000	4,9%
560.001	570.000	4,8%
570.001	580.000	4,7%
580.001	590.000	4,7%
590.001	600.000	4,6%
600.001	610.000	4,5%
610.001	620.000	4,4%
620.001	630.000	4,3%
630.001	640.000	4,2%
640.001	650.000	4,1%
650.001	660.000	4,0%
660.001	670.000	4,0%
670.001	680.000	3,9%
680.001	690.000	3,8%
690.001	700.000	3,7%
700.001	710.000	3,6%
710.001	720.000	3,5%
720.001	730.000	3,4%
730.001	740.000	3,3%
740.001	750.000	3,3%
750.001	og yfir	3,2%

Við samanburð launa skal miða við föst viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast, þ.m.t. fastri yfirvinnu.

Fylgiskjal 2 – Launatöflur bls. 5, 6 og 7 í kjarasamningi.